

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 210/2014****2015/EES/52/02****frá 24. október 2014****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar  
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 218/2014 frá 7. mars 2014 um breytingu á viðaukum við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 og við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 219/2014 frá 7. mars 2014 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 að því er varðar sértækar kröfur varðandi skoðun á alisvínnum eftir slátrun <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fôður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fôður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004) í hluta 1.1 í I. kafla:  
„– **32014 R 0218**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 218/2014 frá 7. mars 2014 (Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 95),  
– **32014 R 0219**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 219/2014 frá 7. mars 2014 (Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 99).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 134. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í hluta 1.2, í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 og í 53. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í hluta 6.2 í I. kafla:  
„– **32014 R 0218**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 218/2014 frá 7. mars 2014 (Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 95).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 31k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í II. kafla:  
„– **32014 R 0218**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 218/2014 frá 7. mars 2014 (Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 95).“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzk (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 95.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 99.

„– **32014 R 0218**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 218/2014 frá 7. mars 2014 (Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 95).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 218/2014 og (ESB) nr. 219/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.